Ólafur Bjarnason
hreppstjóri á Brimilsvöllum
70 ára. 10. apr. 1959.

Við sævarströndu á víðum fögrum völlum
er vel hýst jörð, í miðri góðri sveit.
Í hreppnum ber hún hér af jörðum öllum,
sem höfuðból í fornum gróðurreit.
Um áraskeið þar bóndi hefur búið,
sem batt við landið sína ungu von.
Nú heim að „Bænum" höfum vér öll snúið
að hylla manninn Ólaf Bjarnason.

Hann sjötíu ára er á þessum degi
og árin, störfin þakkar vinafjöld
Við mikla vinnu mæddur þó er eigi
frá morgni er starfað fram á sérhvert kvöld.
Hann á svo marga elskulega vini
að annast þá er gleði búandans.
Hver skepna er af kæru, góðu kyni
að kynnast þeim, er nautn hins glögga
manns.

Serí vert

Hans vinir eru menn og málleysingja
og mörg er kynning góð í sjötíu ár.
Það meta, skilja, finna Fróðhreppinga
við fasta hreppstjórn, löngum reyndist knár.
Og glöggskyggn bóndi málum miklum unni,
er meiri frama sköpu landi og þjóð.
Í sýslunefnd hann sífelt starfa kunni
í sinni brann æ stöðug andans glóð.

En heimilið er helgur griðastaður;
já heima að vera stöðugt reynist bezt;
að una þar með ástvinunum glaður
er yndið sanna um lífsins árin flest.
Nú þakkar kona, þakka börn og niðjar
allt þeirra lán er föður gæfa sönn.
Og allir þeir, sem ástar binda viðjar
af alhug þakka lífsins starf og önn.

Minn kæri frændi, fullvel nú það skil eg,
að fyrir kirkju starfar þú æ vel.
Með söfnuðinum sjálfur þakka vil eg.
Minn sóma jafnan vinsemd þína tel.
Við biðjum Guð að blessa vegu þína
að Brimilsvöllum ríki trú og von.
Um alla framtíð fagurt nái að skína
Guðs friðarljómi um Ólaf Bjarnason.

M.s.